

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur

2024

Myndhöfundasjóður Íslands
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
kt. 540891-1419

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Myndhöfundasjóðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag sjóðsins 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands. Í samræmi við alþjóðlegar síðareglar fyrir endurskoðendur sem og aðrar síðareglar sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegi skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 13. maí 2025.

Deloitte ehf.



Ásbjörn Björnsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Aðalstarfsemi sjóðsins er fólin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknanir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2024 kr. 46.960.098. Eigið fé sjóðsins í árslok nam kr. 73.691.984. Á árinu 2024 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 30.950.000.

Árið 2024 einkenndist af miklum breytingum, líkt og árið áður, enda hefur verið lagt mikið kapp á að tryggja hagkvæmni og skilvirka umsýslu, en í kjölfar tillkomu umsýslulaga árið 2020 hefur Myndstef verið í sífelldri endurskoðun á starfsemi félagsins í því skyni að fylgja lögunum sem best.

Stórum áfanga var náð í október 2024 er Myndstef hlaut formlega endurnýjun viðurkenningar frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, en viðurkenningin er grundvöllur allrar starfsemi Myndstefs sem umsýslustofnunar.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2023 var unnið að nýjum samþykktum fyrir samtökin. Sérstök laganeft var sett á fót haustið 2023, skipuð aðilum frá þremur stoðum Myndstefs, þau Rósó Dögg Þorsteinsdóttir, Rúrí og Sveinn Speight. Skiluðu þau tillögum sínum til stjórnar Myndstefs í maí 2024. Á aðalfundi í júní 2024 voru tillögur um nýjar samþykktir lagðar fram og voru þær samþykktar að því undanskyldu að eitt ákvæði skyldi útfært nánar og tekið fyrir á aukaaðalfundi, en um var að ræða ákvæði um kosningu á aðalfundi. Var það gert á auka-aðalfundi í desember 2024. Talsverðar breytingar urðu á samþykktum í þessu ferli og fer aðalfundur árið 2025 fram samkvæmt nýjum samþykktum. Í þessum breytingum felast m.a. breytingar á skipan stjórnar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þrjár stoðir Myndstefs skipi stjórn, en tveir fulltrúar sem áður voru kosnir af fulltrúaráði, verði nú kosnir á aðalfundi, og þar af annar kosinn formaður stjórnar. Til þess að tryggja samráðsvettvang við aðildarfélög er nú gert ráð fyrir sérstöku fagráði í samþykktum félagsins, skipuðu fulltrúum aðildarfélaga.

Ekki urðu breytingar á stjórn Myndstefs á árinu að öðru leyti en því að Logi Bjarnason, hlaut endurkjör, sem fulltrúi fulltrúaráðs og Guðrún Erla Geirdóttir, var endurskipuð sem fulltrúi SÍM í stjórn.

Lögfræðingur Myndstefs, Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, sem hafði verið í hlutastarfi sem lögfræðingur, sagði starfi sínu lausu og létt af störfum í júní 2024.

Til skoðunar er að ráða nýjan starfsmann til þess að aðstoða á skrifstofu samtakanna, í stað Hörpu Fannar, en hefur það ekki verið gert enn. Ástæða þess er fyrst og fremst að ekki er svigrúm á skrifstofunni fyrir fleiri starfsmenn en two, en á liðnum vetri hefur forritari unnið að nýju tölvukerfi fyrir umsýslu samtakanna. Framkvæmdastjóri hefur því sinnt lögfræðilegum verkefnum samhliða öðrum verkefnum í vetrur.

Húsnæðismál voru í brennidepli seinnihluta árs 2024, og ákvað stjórn samtakanna á fundi að samtökin skyldu flytja í Hafnarstræti 16, til SÍM, þar sem samtökin voru áður til húsa, þar sem mikill ávinnungur væri af lægri húsaleigu þar, auk þess sem vænlegt að vera í nánu samstarfi við stærsta aðildarfélag Myndstefs. Samtökin fluttu þann 17. desember 2024. Því miður kom upp heiftarlegt ofnæmi í húsnæðinu, og fór því af stað mikil vinna við að finna nýtt húsnæði. Til stendur að samtökin flyttist í nýtt húsnæði í maí nk.

Ákveðið var á árinu að almennar greiðslur yrðu greiddar út til rétthafa tvisvar á ári, í stað áður ársfjórðungslega, til þess að spara tíma við útgreiðslur, þar sem umsýslutölvukerfi er tímfrekt í núverandi umsýslutölvukerfi samtakanna. Að auki fór fram árleg úthlutun í september 2024. Alls voru greiddar út 45.650.660 kr. til rétthafa á árinu.

Skrifað var undir two safnasamninga á árinu, við Listasafn Ísafjarðar og Listasafn Reykjanesbæjar, auk viðaukasamning við Listasafn Íslands vegna sýningarskráa.

Skýrsla stjórnar

Erlent samstarf er samtökunum mikilvægt og árlega hittast norræn systursamtök á fundi. Á árinu tók Myndstef á móti starfsmönnum systursamtaka sinna á Norðurlöndunum og fundað var um sameiginleg mállefni. Reglulega er einnig fundað með erlendum systursamtökum á fjarfundum, bæði norrænt samstarf og Evrópusamstarf í gegnum samtökin EVA. Þónokkur vinna fór fram vegna samstarfs innan CISAC, en standa þarf skil á upplýsingum til CISAC vegna umsýslu. Núverandi tölvukerfi býður ekki upp á nægilega góða bókhaldslega aðgreiningu vegna tekjustofna og útgreiðslna, en vonir standa til að með nýju tölvukerfi verði hægt að einfalda slíka upplýsingagjöf.

Skrifað var undir two samsstarfssamninga við erlend systursamtök á árinu, og eru í gangi viðræður við fleiri erlend systursamtök.

Eitt mikilvægt hlutverk Myndstefs er að sinna fræðslu um höfundarétt og hélt Myndstef erindi fyrir ýmsa aðila s.s. Listaháskólann og Háskólann á Bifröst.

EKKI hefur orðið framgangur á vettvangi IHM, vegna endurskoðunar á tekjuskiptingu í kapalgeira. Sáttamaður tók til starfa á vormánuðum en sagði sig frá starfinu í september. IHM hefur ekki fengið nýjan sáttamann til starfa enn. Myndstef á aðeins 0,7% hlut í kapalgeira. Til samanburðar fær Myndstef 7% hlut af bótum IHM vegna eintakagerðar til einkanota.

Eitt aðildarfélag Myndstefs, FLB, hefur gert kröfu um aukið framlag til félagsins vegna greiðslna frá IHM, sem tæki mið af greiðslum til annarra félaga á svíði kvíkmyndagerðar innan IHM. Til þess að Myndstef geti úthlutað beint til einstakra aðildarfélaga, þurfa aðildarfélög að uppfylla kröfur umsýslulaga, en FLB uppfyllir það skilyrði ekki sem stendur. Myndstef hefur fullan vilja til þess að komast að samkomulagi við FLB um fyrirkomulag framtíðargreiðslna. Myndstef telur mikilvægt að komist sé að sanngjarnri niðurstöðu og að farið sé að lögum við úthlutun.

Tekjur á svíði fylgiréttar lækkuðu á milli ára. Æskilegt væri að sinna betur aðhaldi með endursöluaðilum.

Yfir heildina litið, er starfsemi Myndstefs á góðri siglingu. Samtökin gætu vissulega beitt sér betur á ýmsum svíðum ef svigrúm væri fyrir fleiri starfsmenn, en þar sem starfsemin er háð tekjum og sífellt er leitast við að lækka umsýslukostnað verður umfang verkefna að taka mið af því. Engu að síður er óhætt að segja að góð skref hafi verið tekin á liðnu ári og afar spennandi tímar framundan í nýju húsnæði í maí.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 1,5 (2023: 2).

Stjórn og framkvæmdastjóri Myndhofundasjóðs Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2025.

Framkvæmdastjóri

Kennar
Klá Steinþórssdóttir
Ragnheiður Ólafsdóttir
Dóra Þórssdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Höfundaréttartekjur | | 70.640.385 | 47.706.993 |
| Fylgiréttargjöld | | 17.860.966 | 23.068.741 |
| Aðrar tekjur | | 3.000.000 | 0 |
| Innheimt fyrir hlutdeild höfunda | | 91.501.351 | 70.775.734 |
| Hlutdeild höfunda | | (16.983.139) | (22.876.648) |
| Tekjur eftir hlutdeild höfunda | | 74.518.212 | 47.899.086 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (18.490.038) | (23.052.776) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (13.570.319) | (10.775.165) |
| Rekstrargjöld | | (32.060.357) | (33.827.941) |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 42.457.855 | 14.071.145 |
| Fjármunatekjur | | 5.241.705 | 3.435.105 |
| Fjármagnsgjöld | | (39.244) | (71.274) |
| Fjármagnstekjkuskattur | | (1.331.406) | (739.142) |
| Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda | | 631.188 | 366.565 |
| Hagnaður til ráðstöfunar | | 46.960.098 | 17.062.399 |
| Verkefnastyrkir | | (24.750.000) | (35.000.000) |
| Ferða- og menntunarstyrkir | | (5.200.000) | (5.000.000) |
| Aðrar styrkveitingar | | (1.000.000) | (1.000.000) |
| Styrkveitingar | | (30.950.000) | (41.000.000) |

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|----------------------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 0 | 278.000 | |
| Eignir fylgiréttarsjóðs | 27.563.863 | 21.079.328 | |
| Handbært fé | 74.960.444 | 64.649.327 | |
| Eignir | 102.524.307 | 86.006.655 | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Fylgiréttarsjóður | 9.278.949 | 7.216.939 | |
| Annað eigið fé | 64.413.035 | 50.464.947 | |
| Eigið fé | 73.691.984 | 57.681.886 | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreidd höfundaréttargjöld | 9.770.020 | 9.410.455 | |
| Ógreidd fylgiréttargjöld | 15.000.428 | 13.862.396 | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 4.061.875 | 5.051.918 | |
| Skuldir | 28.832.323 | 28.324.769 | |
| Eigið fé og skuldir | 102.524.307 | 86.006.655 | |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---------------------|---------------------|------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 42.457.855 | 14.071.145 | |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | <u>42.457.855</u> | <u>14.071.145</u> | |
| Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun | 278.000 | 0 | |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun) | 507.554 | 10.008.009 | |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | <u>43.243.409</u> | <u>24.079.154</u> | |
| Innborgaðir vextir og arður | 5.241.705 | 3.435.105 | |
| Greiddir vextir | (39.244) | (71.274) | |
| Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda | 631.188 | 366.565 | |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | (1.331.406) | (739.142) | |
| Handbært fé frá rekstri | <u>47.745.652</u> | <u>27.070.408</u> | |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | | |
| Styrkveitingar ársins | (30.950.000) | (41.000.000) | |
| | <u>(30.950.000)</u> | <u>(41.000.000)</u> | |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | 16.795.652 | (13.929.592) | |
| Handbært fé í upphafi árs | 85.728.655 | 99.658.247 | |
| Handbært fé í lok árs | <u>102.524.307</u> | <u>85.728.655</u> | |
| Skipting handbærs fjár | | | |
| Fylgiréttarsjóður | 27.563.863 | 21.079.328 | |
| Myndhöfundasjóður | 74.960.444 | 64.649.327 | |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknar fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Myndhöfundasjóður Íslands er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2024 | 2023 |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun | 15.512.120 | 18.039.970 |
| Lifeyrissjóður | 1.854.906 | 2.175.972 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.123.012 | 2.336.834 |
| Aðkeypt þjónusta | 0 | 500.000 |
| | <u>18.490.038</u> | <u>23.052.776</u> |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 1,5 | 2 |

5. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Fylgiréttarsjóður | Annað eigið fé | Samtals eigið fé |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1.2023 | 5.545.015 | 76.074.472 | 81.619.487 |
| Hagnaður/(tap) ársins | 1.671.924 | 15.390.475 | 17.062.399 |
| Styrkveitingar | 0 | (41.000.000) | (41.000.000) |
| Eigið fé 1.1.2024 | 7.216.939 | 50.464.947 | 57.681.886 |
| Hagnaður/(tap) ársins | 2.062.010 | 44.898.088 | 46.960.098 |
| Styrkveitingar | 0 | (30.950.000) | (30.950.000) |
| Eigið fé 31.12.2024 | <u>9.278.949</u> | <u>64.413.035</u> | <u>73.691.984</u> |

6. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

| | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 |
|-------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Höf.r.tekj. brúttó..... | 70.544.003 | 47.663.735 | 74.282.616 | 42.716.006 | 41.094.524 |
| Fylgir.tek. brúttó..... | 17.860.966 | 23.068.741 | 19.755.147 | 36.079.987 | 21.862.191 |
| Hagnaður | 46.960.098 | 17.062.399 | 40.464.459 | 20.984.711 | 24.151.801 |
| Styrkveitingar..... | (30.950.000) | (41.000.000) | (18.000.000) | (16.250.000) | (15.100.000) |
| Eigið fé..... | 73.691.984 | 57.681.886 | 81.619.487 | 59.155.028 | 54.420.317 |

Skýringar

7. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarrekning á því tímabili sem þau falla til.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Sunduriðanir

Höfundaréttartekjur

| | 2024 | 2023 |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Fjölís | 29.094.594 | 23.713.200 |
| IHM | 28.358.477 | 10.627.638 |
| Samningar með sammingskvöð | 8.353.855 | 6.570.848 |
| Aðrir innlendir aðilar | 4.266.466 | 6.402.171 |
| Erlendar greiðslur | 470.611 | 349.878 |
| 80% hlutdeild Myndstefs | 96.382 | 43.258 |
| | <u>70.640.385</u> | <u>47.706.993</u> |
| Hlutdeild höfunda | (3.845.168) | (5.474.070) |
| | <u>66.795.217</u> | <u>42.232.923</u> |

Fylgiréttargjöld

| | 2024 | 2023 |
|---|-------------------|-------------------|
| Fylgiréttargjöld ársins innlend | 15.489.190 | 20.063.859 |
| Fylgiréttargjöld ársins erlend | 933.275 | 1.689.363 |
| Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80% | 1.438.501 | 1.315.519 |
| | <u>17.860.966</u> | <u>23.068.741</u> |
| Hlutdeild höfunda | (13.137.971) | (17.402.578) |
| | <u>4.722.995</u> | <u>5.666.163</u> |

Annar rekstrarkostnaður

| | 2024 | 2023 |
|--|-------------------|-------------------|
| Lögfræðiþjónusta/innheimta | 21.800 | 1.570.752 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 2.814.490 | 2.395.401 |
| Bókhaldsbjónusta | 1.702.704 | 1.296.444 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 99.770 | 267.000 |
| Tölvukostnaður og forrit | 2.317.274 | 348.465 |
| Húsaleiga | 2.182.488 | 2.240.908 |
| Annar rekstrarkostnaður fasteigna | 362.516 | 286.656 |
| Sími, Internet og póstburðargjöld | 193.848 | 284.152 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 542.007 | 366.702 |
| Annar skrifstofukostnaður | 308.047 | 143.353 |
| Ferðakostnaður | 3.136 | 200.297 |
| Gjafir og styrkir | 0 | 72.960 |
| Auglýsingar | 23.374 | 1.054 |
| Starfsmannakostnaður | 313.950 | 293.253 |
| Nefndarlaun | 1.998.000 | 600.000 |
| Fundakostnaður | 263.601 | 275.021 |
| Viðskiptakostnaður | 301.341 | 0 |
| Tryggingar | 27.604 | 25.462 |
| Annar kostnaður | 94.369 | 107.285 |
| | <u>13.570.319</u> | <u>10.775.165</u> |

Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

| | 2024 | 2023 |
|---|-----------------|-----------------|
| Uppruni fjár | | |
| Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning..... | 4.722.995 | 5.666.163 |
| Vaxtatekjur ársins | 809.225 | 469.957 |
| | <hr/> 5.532.220 | <hr/> 6.136.120 |

| | 2024 | 2023 |
|--|-----------------|-----------------|
| Ráðstöfun fjár | | |
| Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur..... | 185.717 | 113.552 |
| Þóknun Myndstefs..... | 3.284.493 | 4.350.644 |
| | <hr/> 3.470.210 | <hr/> 4.464.196 |

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Breyting eigin fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi | 2.062.010 | 1.671.924 |
| | <hr/> <hr/> | <hr/> <hr/> |

Til ráðstöfunar

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Handbært fé 31/12..... | 24.279.378 | 21.079.328 |
| Ógreitt sérgreindum höfundum..... | 24.279.378 | 21.079.328 |
| | (15.000.429) | (13.862.389) |
| Nettó eign sjóðsins 31/12 sbr. skýr 4 í ársreikningi | 9.278.949 | 7.216.939 |
| | <hr/> <hr/> | <hr/> <hr/> |